



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands fimmtudaginn 11. mars 2021 kl. 16:30 með Zoom fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Védís Guðjónsdóttir, Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Gunnar Smári Egilsson, Katrín Baldursdóttir, Viggó K. Jóhannsson og Guðmundur Auðunsson.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin hefur verið samþykkt.

2. Uppbygging flokksins

a. Félagastjórn

Rætt var hvað skuli gera til að koma verkefnum félagastjórnar í góðan farveg og hnykkt á mikilvægi þess að hringja út í flokksfélaga til að virkja þá.

b. Baráttuhópar

Femínistar standa vel, meistaradeildin nokkuð vel en blása þarf lífi í verkalýðsráðið, innflytjendaráðið og unga sósíalista.

c. Ráðuneyti

Verður rætt síðar.

d. Úthringiver og aðrar aðgerðir

Verður rætt síðar.

e. Annað

Gömul hugmynd Katrínar um að fara út í kjördæmin og hitta fólkið var rifjuð upp.

3. Önnur mál

Talað var um að stjórnarmenn geri athugasemdir fyrir næsta fund við tillögur Katrínar frá síðasta fundi um vinnureglur fyrir framkvæmdastjórn.